

12. Rekstraryfirlit Fiskistofu 2019

Samkvæmt rekstraryfirlit Fiskistofu námu gjöldin á árinu 2019 994,6 milljónum króna.

Hæsti útgjaldaliður stofnunarinnar eru laun og launatengd gjöld eða um 72% af heildarútgöldum. Húsnæðiskostnaður nam 67,7 millj. , en Fiskistofa borgaði 100,7 millj. í húsaleigu, en fékk á móti húsaleigutekjur upp á 33 millj. vegna framleigu á hluta húsnæðisins í Dalshrauni 1 í Hafnarfirði til Matvælastofnunar. Aðkeypt þjónusta er um 7% af heildarútgöldum eða 69,8 millj., ferða og fundakostnaður 63,9 millj. sem er um 6,4% af heildarkostnaði. Sjá nánar á meðfylgjandi mynd yfir skiptingu gjalda Fiskistofu.

Helstu eignakaup Fiskistofu á árinu 2019 voru kaup á tveimur bifreiðum, en á móti voru seldar tvær bifreiðar önnur frá árinu 2012 og hin frá árinu 2013. Eins og á hverju ári var nokkuð um eignakaup hjá upplýsingatæknisviði, en kostnaðarsömustu kaupin voru vegna


eldveggs og endurnýjunar á fjölnota vél (ljósritunarvél, prentari og skanni).

Framlag ríkisins til Fiskistofu á árinu 2019 var ríflega 889,4 milljónir sem skiptist í framlag til rekstrar kr. 871,1 millj. og framlag til afskrifta kr. 18,3 millj. Tekjur stofnunarinnar námu 134,5 milljónum. Tekjurnar skiptast í sértekjur og aðrar rekstrartekjur, sértekjur Fiskistofu á árinu 2019 námu 57,2 milljónum, en aðrar rekstrartekjur voru tæplega 77,3 milljónir.

Hagnaður ársins var 29,3 millj. Gert hafði verið ráð fyrir rekstrarhalla, en því miður reyndist ekki unnt að fara í öll þau verkefni á upplýsingatæknisviði sem vilji og metnaður stóð til. Einnig var launakostnaður talsvert lægri á veiðieftirlitssviði m.a. þar sem illa gekk að manna lausa stöðu á Hornafirði. Eigið fé í árslok var 99,4 millj.




Tekjur 2019



■ Sértekjur ■ Aðrar rekstrartekjur ■ Framlag ríkissjóðs

Gjöld 2019



■ Laun og launatengd gjöld ■ Aðkeypt þjónusta ■ Afskriftir
 ■ Rekstur bifreiða ■ Húsnæði ■ Akstur ferða- og dvalarkostnaður
 ■ Rekstrarvörur ■ Vextir, bætur, tilfærslur



Rekstrarstaða 2018		
Gjöld	2019	2018
Laun og launatengd gjöld	717.952.669	687.162.041
Húsnæði	100.715.888	100.448.648
Aðkeypt þjónusta	69.764.210	93.284.336
Ferðir og fundir	63.927.118	63.323.593
Rekstrarvörur	17.442.675	15.581.647
Rekstur bifreiða	6.100.126	7.941.408
Vextir, bætur og tilfærslur	366.682	458.665
Afskriftir	18.317.037	18.621.984
Gjöld samtals:	994.586.405	986.822.322
Tekjur		
Sértekjur	57.177.028	34.902.322
Aðrar reksrartekjur	77.281.412	80.554.255
Tekjur samtals:	134.458.440	115.456.577
Framlag skv. fjárlögum ársins		
Framlag til rekstrar	871.100.000	844.300.000
Framlag til afskrifta	18.317.037	18.621.984
Framlög skv. fjárlögum samtals:	889.417.037	862.921.984
Hagnaður/tap ársins	29.289.072	-8.443.761
Flutt frá fyrra ári	70.148.226	78.591.987
Eigið fé í árslok:	99.437.298	70.148.226

Sundurliðun tekna 2019

Sértekjur	2019
Húsaleiga	33.050.295
Kostn. Hlud. Í sameiginl. Húsnæði	8.311.588
Kostn. Hlud. Í sameiginl. Þjónustu	8.488.869
Sérfræðiþjónusta	4.249.992
Tæki, búnaður og áhöld	601.500
Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	571.738
Aðrar tekjur	1.903.046
Sértekjur samtals:	57.177.028
Aðrar rekstrartekjur	
Vottorð og leyfi Fiskistofu	7.502.312
Aðgangur að gagnaveitu Fiskistofu	551.200
Vigtunarleyfi Fiskistofu	7.160.200
Leyfi til framkvæmda við ár og vötn	1.187.700
Eftirlit í lögsögu	36.801.600
Úttekt á búnaði til vinnslu afla um borð í skipi	229.600
Úthlutun aflaheimilda og byggðakvóta	7.450.500
Flutningur á aflamarki og aflahlutdeild	10.287.300
Tilkynning um stöðu aflaheimilda	5.789.100
Afladagbók	321.900
Aðrar rekstrartekjur samtals:	77.281.412
Tekjur samtals árið 2019:	<u>134.458.440</u>